

Minnisblað

Til: Fræðslunefndar
Frá: Guðrínu Birgisdóttur
Dags. 8. janúar 2019
Mnr. 2018030083



ÍSAFJARÐARBÆR

Niðurgreiðslur og styrkir til dagforeldra.

Starfsmönnum skóla- og tómstundasviðs var á 399. fundi fræðslunefndar þann 13. desember 2018 falið að skoða og kostnaðargreina hækkun niðurgreiðslu til dagforeldra og ef veittir yrðu styrkir til þeirra. Þetta var ein af þeim hugmyndum sem komu fram á fundi með foreldrum barna fæddum 2017 og 2018 um lausn á dagvistarmálum bæjarins.

Þrjú af sveitafélögnum eru með þjónustusamninga við dagforeldra og setja gjaldskrá þar sem þak er sett á greiðslu foreldra til daggæslu. Aðrir dagforeldrar hafa frjálssa gjaldskrá og því eru ekki til upplýsingar um hver greiðsla foreldra er til dagforeldranna.

Niðurgreiðslur fyrir 8 tíma vistun	1 barn pr. mánuð	4 börn pr. mánuð	Gjaldskrá dagforeldra	Hluttur foreldra
Ísafjarðarbær	36.224	144.896-	Frjálst	?
Árborg	65.000	260.000-	Frjálst	?
Hafnarfjörður	64.088	256.352-	Frjálst	?
Grindavík	55.000	220.000-	Frjálst	?
Bolungarvík	53.560	214.240-	Frjálst	?
Mosfellsbær	82.280	329.120-	114.762	32.482
Borgarbyggð	66.250	265.000-	104.080-	37.830
Dalvík	59.517	238.068-	88.358	28.841

Mismunur á hæðstu og lægstu niðurgreiðslu við greiðslu hjá Ísafjarðarbæ:

Full vistun hjá dagforeldri með 4 börn í Árborg er greidd niður um 260.000- kr. á mánuði, mismunurinn er 115.104- kr. á mánuði og um 1.266.144- kr. á ári.

Full vistun hjá dagforeldri með 4 börn í Bolungarvíkurkaupstað er greidd niður um 214.240- kr. á mánuði, mismunurinn er 69.344- kr. á mánuði og um 762.784- kr. á ári.

Styrkir til dagforeldra

Árborg greiðir stofnstyrkur 100.000- miða við að dagforeldri sé með leyfilegan hámarksfjölda barna í vistun. Styrkurinn er greiddur í tvennu lagi þ.e 50.000- þegar umsókn hefur verið samþykkt og starfsemi hafin og 50.000- þegar dagforeldrið hefur starfað samfelld í 8 mánuði

Mosfellsbær eftir eitt ár í starfi geta dagforeldrar sótt um fræðslu- og þróunarstyrk til Mosfellsbæjar að upphæð kr. 50.000 í hvert sinn. Þróunarstyrkinn skal nota til að bæta og efla daglegt starf í þágu barnanna. Hægt er óska eftir styrknum annað hvert

ár. Mosfellsbær leggur dagforeldrum í Mosfellsbæ til hlífðarfatnað á hverju ári sem svarar til kr. sömu upphæðar og starfsfólk í leikskóla fær og er skv. kjarasamningi STAMOS. Skulu þeir dagforeldrar sem eru með þjónustusamning við Mosfellsbæ 1. október ár hvert fá þessa upphæð til kaupa á hlífðarfatnaði.